

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003, er öðlist gildi 1. september 2013:

4. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 44.126 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 l/mín., eða minna greiða einnig fastagjald kr. 19.814 á ári auk virðisaukaskatts.

5. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 143,24 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þá að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítra-fjölda.

6. gr. breytist og orðist svo:

Stofngjöld fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs eru sem hér segir:

- |                                |                            |
|--------------------------------|----------------------------|
| a) fyrir lögbyli með búrekstur | kr. 2.157.760              |
| b) fyrir íbúðarhús             | kr. 571.155                |
| c) fyrir sumarhús              | kr. 402.598                |
| d) fyrir aðra aðila            | kr. 143.169 á mínútulítra. |

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. ágúst 2013.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*